

# Arkitekt sem tekur til varna

● Bernard Khoury arkitekt með sýningu í Listasafni Árnesinga ● Sagður vondi strákurinn sem dansar á gröfum ● „Um leið og þú tekur þátt í verkefnum innan einkageirans ertu afskrifaður“

## VIÐTAL

María Margrét Jóhannsdóttir  
mariamargret@mbl.is



Bernard Khoury er heimskunnur arkitekt frá Líbanon. Í Listasafni Árnesinga stendur nú yfir sýning á verkum hans sem ber heitið *Eitradar grundir*. Þetta er óvenjuleg sýning að því leyti að þarna er Khoury að taka til varna. Atlögur hafa verið gerðar að honum sem hafa varpað skugga á feril hans sem arkitekts.

Sýningarstjóri er samlandi hans Yara Zein sem nú er búsett á Íslandi. Hún kynntist Khoury í arkitektúr-námi sínu í Líbanon og hefur varið síðustu tveimur árum í að rannsaka feril Khourys og er sýningin afrakstur þeirrar rannsóknar. Blaðamaður fékk á dögnum tækifæri til þess að ræða við Khoury sem þá var staddur á Íslandi.

„Ég hafði verið að vinna að bók sem samanstóð af vitnisburðum átta aðila og upplifunum þeirra af ólíkum atburðum, eins og t.d. mannráni sem átti sér stað þar sem Austur- og Vestur-Beirut mætast árið 1976. Bókin var í þann mund að koma út þegar höfðað var mál gegn mér og útgefandanum og við sakaðir um að fara rangt með staðreyndir. Þeir sem kærðu fengu til liðs við sig sérfræðinga sem rýndu í verk mín og feril síðustu þrjú áratugi á mjög ítarlegan hátt rétt eins og ég væri glæpamaður. Þeir gengu mjög langt í að láta mig líta illa út, reyndu að finna til mótsagnir og láta líta út fyrir að ég hefði átt í vafasömu samskiptum við vafasama einstaklinga. Að endingu höfðu þeir betur og bókin var aldrei gefin út en ég hef áfrýjað málinu. Prófararkinnar voru gerðar upptækar en að vissum tíma liðnum komst Yara yfir þær auk annarra gagna í málinu,“ segir Khoury.

### Tækifæri til þess að verja sig

Á sýningunni eru 210 verkefni krufin og veggirnir eru þaktir minnisblöðum, ljósmyndum og teikningum og rauður þráður dreginn á milli verka líkt og um lögreglurannsókn væri að ræða. „Þarna hefur þú allar



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Orðspor** Atlögur hafa verið gerðar að Khoury sem hafa varpað skugga á feril hans sem arkitekts.

athugasemdir sérfræðinganna og búið er að strengja þráð á milli til þess að tengja verk og staðreyndir saman. Ég veit ekki hvernig Yöru tókst að komast yfir þetta allt saman en þarna er hún að endurgera alla rannsóknina gegn mér. Þetta er í fyrsta skipti sem þetta kemur fyrir sjónir almennings og það krafðist mikils hugrekks af minni hálfu. Ég lít á þetta sem tækifæri til þess að verja mig og segja mína hlið.“

Khoury er þekktastur fyrir næturklúbbinn B018 sem reistur var á stað þar sem áður voru flóttamannabúðir, eða til ársins 1976 þegar þar átti sér stað fjöldamorð og búðirnar voru brenndar til grunna. „Tuttugu árum eftir harmleikinn er mér boðið að teikna næturklúbb á þessum stað, sem var mjög viðkvæmt og flókið mál. Á þeim tíma eftirstrísósára, á tíunda áratugnum, átti Beirut að líta út fyrir að vera borg sem væri risin úr öskunni, líkt og Föñix, og öllum alvar-

legum atburðum úr fortíðinni var bókstaflega sópað undir teppið. Þessi næturklúbbur snerti mjög á þessari erfiðu fortíð og hvort arkitektúr eigi að taka mið af sögu staðanna. Sagan eftir stríð er yfirleitt skrifuð af stofnunum og yfirvöldum sem setja hana í samhengi sem hentar þeim en næturklúbburinn gerði það ekki.

Þetta verkefni vakti gríðarlega athygli í vestrænum fjölmiðlum og ég var stimplaður sem vondi strákurinn sem dansar á gröfum. Sumir sáu alvarleikann að baki verkefninu og mikilvægi þess en meirihluti fólks tók þessu öllu á mjög yfirborðskendan hátt. Ég gerði þrjú sambærileg verk efni í upphafi ferilsins en hætti því þar sem mér fannst þetta of mikil einföldun á sögunni og hlutverki mínu.“

### Sagður þjónn kapitalismans

Khoury hefur aðallega unnið með einkageiranum í heimalandi sínu enda var fjárhagsstaða ríkisins afar

bágborin eftir stríð. Fyrir það hlaut hann þó mikla gagnrýni. „Eftir því sem verkefnið urðu stærri fór fólk að líta á mig sem arkitektinn sem ynni með fjármagninu. Ef maður lítur á verk mín þá eru þau ekki dæmigerð fyrir arabískan arkitektúr t.d. hvað varðar efni, líti og form. Ég hef alltaf verið andsnúinn þessari ofureinföldun á þeim hugmyndum sem fólk hefur um landsvæði okkar og arabískan arkitektúr. Ég hef gert mér grein fyrir því að hlutverk arkitekta er að vinna gegn þessu viðhorfi og taka pólitíska ábyrgð á vinnu okkar. Þess vegna hef ég þráhyggju fyrir samhengi og fer í taugarnar á sumu fólki.

Ég er ekki hinn háttvisi arkitekt sem byggir söfn, minnisvarða, spítala og óperuhús. Ekki af því að ég vil það ekki, heldur vegna þess að stofnarnar heima fyrir eru einfaldlega ekki fyrir hendi. Samt er ég alltaf sagður vera þjónn kapitalísku vèlarinnar í Beirut, einfaldlega vegna þess að um leið og þú tekur þátt í verkefnum innan einkageirans ertu afskrifaður af hinum pólitískt réttþenkjandi gagnrýndum.

Ég hef því komist að því að ef ég vil veita mótspyrnu og hafa áhrif á samfélagið þá verð ég að gera það innan einkageirans. Þar sem umhverfið er ekki jafn sykurhúðað eða háð regluverki. Ég hef aldrei unnið við opinbert verkefni í Líbanon, öll slík verkefni eins og skólar eða minnisvarðar eru erlendis, merkilegt nokk.“

### „Má líta á mig sem ofurhóru“

*En fyrir hvað stendur þú?*

„Ég held að ég sé sennilega einn af síðustu arkitektunum sem hafa þá barnslegu trú að við getum lagt eitt-hvað af mörkum og mótað umhverfi okkar. Tímarnir eru breyttir og valdið liggur ekki lengur hjá arkitektum. Í dag er arkitektúr ekki sú stóra listgrein sem hann eitt sinn var. Í dag eru arkitektar auðmjúkir þjónar stofnana og pólitískra stefnumála sem eru fyrirframákveðin.

Arkitektar geta ekki tekið róttæka afstöðu líkt og ég hef getað. Ég vinn fyrir „sjóræningja“, skemmtikrafta, bankamenn og aðra í einkageiranum sem ekki eru ábyrgir fyrir pólitískri merkingu verkanna. Svo lengi sem eitthvað selst þá eru þeir ánægðir: Ég fæ verkefni, þarf að standast mjög strangar fjárhagsáætlanir og það sem ég byggj þarf að ganga upp í þessum harða og praktíska heimi.

Ef maður lítur á þetta sem áskorun og stendur sig vel, þá tekst manni að koma í framkvæmd einhverju sem skiptir máli og hefur einhverja róttæka merkingu. Slíkt er ekki endilega hægt á Vesturlöndum þar sem allt er sykurhúðað en mér hefur tekist það innan einkageirans í Beirut.“



**Rannsókn** Það tók Yöru Zein sýningarstjóra tvö ár að þúsla saman upplýsingum fyrir sýninguna.

### Þannig að þú hefur meira listrænt frelsi innan einkageirans í Beirut?

„Já, en frelsið kostar sitt. Maður þarf að fylgja ströngum fjárhagsáætlunum og tölur skipta öllu máli. Þegar maður byggir t.d. 40 hæða turn þá er aldrei svigrúm fyrir mistök því þau geta haft skelfilegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir viðskiptavininn. Maður verður að standa sig.

Manni var kennt í skóla að arkitekt sem hefði aldrei byggt fyrir opinbera geirann væri slæmur arkitekt og arkitekt sem hefði alltaf byggt fyrir einkageirann væri hóru. Það má því líta á mig sem ofurhóru en þó hóru sem fær ánægju út úr því sem hún gerir. Hóru sem trúir því að það sem lítur út fyrir að vera vændi líka líka falid í sér ást og dýpri merkingu.“

### En svo deyr barnið

*Hefurðu áhyggjur af stöðu arkitektúrs í dag?*

„Ég vil ekki hljóma of svartsynn en staðan er allt önnur í dag en hér áður fyrr og sú rómantíska mynd sem ég hafði eitt sinn af starfinu er ekki lengur fyrir hendi. Í fyrsta lagi erum við eflaust verst launaða stéttin miðað við árin sem við eyðum í nám og þá vinnu sem við leggjum á okkur.

En það sem er enn mikilvægara er hversu takmarkað valdið er sem við höfum yfir verkefnum okkar. Fyrri kynslóðir sköpuðu heilu flugvellina einar síns liðs en ef ég ætti t.d. að byggja hótél í dag þá yrði mér þröngvað til að ráða mér hina og þessa ráðgjafa. Ákvarðanirnar og ábyrgðin á kjarna verkefnisins er ekki lengur í höndum arkitektsins. Starfsgreinin hefur því tapað stöðu sinni og það er mjög sorglegt.

Ég ráðlegg arkitektum í dag að horfa út fyrir kassann, og takmarka sig ekki. Brjóta á bak aftur þær vafasömu meginreglur sem virðast ríkja í dag. Það er ekki auðvelt verkefni og kannski verður maður sniðgenginn. Í arkitektúr ætti að beita sér fyrir því að skapa aðstæður, jafnvel þótt þær séu ekki varanlegar.

Ég líki yfirleitt upplifunum arkitekts við það að ganga með barn. Sum verkefni mín hafa verið tímabundin og maður skapar þau með niðurrifsdagsetningu í huga. Upplifunin er eins og að segja óléttu konu að ófætt barn hennar muni deyja innan nokkurra ára. Eins, ef ég lít á höfundarverk mitt, þá hafa aðeins um 15-20% verkefna minna raungerst. Flest deyr í skúffunum og það er mjög sárt. Öll börnin sem maður heldur að maður eignist. Maður verður óléttur, fer í ómskoðun, sér barnið og gerir plön og dreymir um framtíðina. En svo deyr það,“ segir Khoury en sýning hans *Eitradar grundir* í Listasafni Árnesinga stendur til 23. ágúst.

## Kaplar af öllum stærðum og gerðum

### Gerum við öll helstu rafmagnstæki heimilisins

Hóflegt skoðunargjald

Sérhæfum okkur í samsetningu og viðgerðum á rafbúnaði

**Ortækni**

Hátúni 10c, 105 Reykjavík, s. 552 6800, ortækni.is

